


LESBOK

MORGUNBLADSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórn: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvin Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.



Forsíðan

Að þessu sinni eru á forsíðunni sjálfmyndir fjögurra íslenskra málara og einnig á bls 10. Það er í tilefni sýningar, sem Kjarvalsstaðir standa fyrir á sjálfmyndum myndlistarmanna. Sýningin hófst um síðustu helgi, en vegna vígslu Listasafnsins var ekki hægt að sýna neitt frá henni þá.


Myndmennt

Þjóðarinnar hefur lengi verið áhyggjuefni og eru margir sammála um, að hún sé ekki í neinu samræmi við allt það sem sýnt er undir merki myndlista. Eðlilegast er að myndmennt sé tekin föstum tókum í grunnskólunum; ekki bara með hefðbundinni teiknikennslu eins og tókast hefur, heldur að farið sé dýpra í málið. Til að hreyfa þessu hefur Kristín Ómarsdóttir rætt við þrjá myndmentakennara og myndir eru af myndmennt í tveimur skólum.



Hans frá Íslandi

er sögupersóna hjá sjálfum Victor Hugo, höfundi Vesalinganna, sem nú ganga í söngleiksformi í Þjóðleikhúsinu. Hans frá Íslandi er einkonar Skugga-Sveinn og forstúdia fyrir sögupersónuna Valjean í Vesalingunum.



Flugfélög

eiga í harðnandi samkeppni og spáð að þau muni þurfa að sameinast og að um 1995 verði aðeins 5-6 flugfélög í Evrópu. Frá þessu segir Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, í sambandi við Ferðablað Lesbókar.

Elísabet Jökulsdóttir

Til Ragnars og Siggu

Augnablik
býr eilífðin
hjá ykkur

Undir stjörnuhjörtum fjöllum
leikur andinn í húsinu
á flygil
heimilisfriður og rabbabbaravín
með kaffinu

Heimurinn hefur ákveðið
að vera hér
þessa leiknu stund
sem kemur aldrei aftur
og hverfur aldrei

Hér eru samræður list
og þegar dagar flýgur síðasta orðið
úr nóttinni og verður lag handa hugsuninni
og lykt af nývöknuðu hafi

Hér er enginn gestur
en ferðalag handa hverjum
og einum

Um eilífð
á augnablikið
heima hér

Ljóðið er tileinkað Ragnari H. Ragnar og Sigríði konu hans.

Íslendingar eru meiri vatnsins börn en margar þjóðir aðrar. Vaxnir upp, frá kyni til kyns, við mikinn snjó og mikla rigningu. Auk þess kváðum við, í viðbót við bæði snjóinn, árnar og rigninguna, nota í rífasta lagi af kranavatni, meðal annars til hvers kyns hreinlætis- aðgerða á persónu okkar og eignum.

En þegar til þeirrar frumþarfar kemur að væta kverkarnar, þá verða Íslendingar allt í einu öðru fólki vatnsfælnari, en leita þess í stað á náðir svaladrykkjana, hverra tala er legió, auk hinna sitryggju förunauta á lífsleiðinni: mjólkur og kaffis. Þetta hefur nýlega heyrst tíundað af ábyrgum mönnum sem ein skýringin á hörmulegri tannheilsu þjóðarinnar. Sykraðir drykkir eru auðvitað tanneitur eins og hver önnur sætindi, og sú gullna regla tannhirðunnar að borða ekki á milli mála tekur jafnt til næringar í föstu formi og fljótandi. En að drekka ekki milli mála er þeim mun harðari regla sem þorstinn er hvikulli en hungrið: Stungum þarf maður einfaldlega að væta kverkarnar.

Þá á að fá sér vatnssopa, sögðu hinir vísu menn í útvarpinu, í stað þess að gera þorstann hverju sinni að tilefni til að fá sér skammt af fljótandi fæðu, sem er ekki aðeins skaðvæn tönnunum, heldur einhæfur og óhollur hluti af mataræði fjölda fólks. Drykkjarsullið á víst drjúgan þátt í að halda

Íslendingum í meistaraflokki sem sykuræt- um.

Og þeir ætluðu, hinir vísu menn í útvarpinu, að gerast málsvarar vatnsins: skera upp herör fyrir vatnsdrykkju. Það er verðugt viðfangsefni, og sjálfsgætt má vænta nokkurs árangurs af markvissri áróðursherferð, jafnvel þótt ekki sé geypimiklu til kostnað. En aldrei verða vinir vatnsins jafnstærkir á auglýsingavellinu og sölumennt svaladrykkjana. Þar er raunar ólsku saman að jafna: vatnið hlýtur ávallt að gjalda þess að kosta ekki neitt svo að enginn hefur til- efni til að halda því fram til sölu.

Hafið þið til dæmis hugsað út í það, úr því að við erum að tala um tannheilsu, hvað það er mikil blessun að tannkreimið er dálítið dýrt? Þess vegna geta einhverjir grætt á því og þess vegna er það auglýst og þess vegna fær maður engan frið til að gleyma hvað það er hollt og sjálfsgætt að burstu

tennurnar.

Er kannski hægt að gera vatnið sam- keppnisfært með því að pakka því inn í nógu dýrar umbúðir og selja það svo út úr búð með nógu miklum tilkostnaði, auglýs- ingum og álagningu? Þetta gengur víst svolítið í löndum þar sem kranavatnið er nógu hraklega bragðvont, en hér er ekki einu sinni því að heilsa: okkar dýrlega drykkjarvatn gerir sjálft sig óseljanlegt með því að streyma óspillt úr hvers manns krana.

En kraninn góði er ekki alltaf aðgengileg- ur. Komi þorsteinn að manni á götum úti, er stutt í sjoppuna, en vatn hvergi í boði. Á margs kyns mannafundum eða opinberum stöðum er gos til sölu, djús og kaffi; en vatn fæst ekki nema úr krana frammi á klósetti, þar sem maður bograr yfir vaskin- um og sötrar úr holum lófa sínum — eða lætur það bara eiga sig og hallar sér að svaladrykkjunum.

Helgina eftir að vinir vatnsins komu í útvarpið og töluðu um tennurnar fór ég í Laugardalslaug þar sem fátt er til sparad gestunum til þæginda. Þar er í sturtusalnum eitt forkostulegt fágæti: sístreymandi drykkjarbuna (raunar tvær, önnur neðar á vegg fyrir börnin). Þetta er postulínsskál, eins konar vaskkrúli, með eilítum gos- brunni, blýantsdigrurri bunu sem hæfilegt er að lúta yfir og súpa af. Viðförlu fólki kannast raunar við svona þægindi frá út- landinu, þar sem það er sums staðar mjög útbreitt, bæði sístreymandi bunur og þó ekki síður fráskráfaðar, oft stýrt með fót- stigi. Þetta þykir jafnvel sjálfsgætt í löndum með æði vont vatn. Og raunar er ekki ör- grannt að drykkjarbunur hafi þekkt hér á landi, en einhvern veginn aldrei fengið veru- lega útbreiðslu. T.d. ekki í skólunum, þar sem þær kæmu þó í góðar þarfir og gætu átt þátt í að venja börnin á vatnsbragðið.

Víst kunna drykkjarbunur að hafa sína galla. Utanhúss þarf að passa að ekki frjósi í þeim; innandyra má ekki sula úr þeim; og þær geta orðið skotspónn þakkað eins og önnur mannanna verk. En ljómandi væri það nú góð auglýsing fyrir vatnið, hinn náttúrulega svaladrykk, að drykkjarbunur sæjust sem víðast á almannafæri: frá skólum til skyndibitastaða, þvottaplönun til Þjóð- leikhúss.

HELGI SKÚLI KJARTANSSON